

Veiðifélag Kjósarhrepps
Káraneskoti
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 18.8.2022
UST202205-317/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 29. júní 2022 þar sem stofnunin áminnti rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 1. september 2021. Ekki höfðu borist nauðsynleg gögn vegna starfsleyfisvinnslu sem stofnunin hafði óskað eftir.

Frávikið er eftirfarandi:

- **6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Skv. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka II hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út.

Þau gögn hafa borist sem óskað var eftir vegna starfsleyfisvinnslu og staðfesti stofnunin að umsókn rekstraraðila væri fullnægjandi þann 17. ágúst sl. Eftirfylgnimáli þessu telst því lokið.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 19.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur